

Fyrirspurn

til samgönguráðherra um samgönguáætlun.

Frá Ásbirni Óttarssyni.

1. Eftir hverju er unnið við yfirstandandi endurskoðun á samgönguáætlun?
2. Hver tekur ákvörðun um framkvæmdir, þar sem sum verk á samgönguáætlun eru boðin út og önnur ekki?
3. Hvenær hyggst ráðherra leggja endurskoðaða samgönguáætlun fyrir Alþingi?

Skriflegt svar óskast.